



## Viðbrögð við Covid-19

Markmið viðbragðsáætlana eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð stjórnenda FVA ef til Covid-19 faraldurs kemur þannig að hægt sé að halda uppi nauðsynlegri lágmarkspjónustu, tryggja öryggi nemenda og starfsmanna og lágmarka áhrif Covid-19 faraldurs.

- Skilgreina mikilvæga verkþætti skólans, lykilstarfsmenn og staðgengla.
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Upplýsa starfsmenn og veita nauðsynlega fræðslu.

## Almennt ef grunur um sýkingu af völdum COVID-19 vaknar í skólanum skal upplýsa skólameistara/aðstoðarskólameistara, hann bregst við á eftirfarandi hátt:

- Ef grunur vaknar, hringið í læknavaktina í síma 1700.
- Ef málið þolir enga bið, hringið í 112 og óskið eftir sjúkraflutningi.
- Um áhættumat vegna gruns um COVID-19 sýkingu skal haft samband við umdæmislækni sóttvarna og sóttvarnalækni.

## Grunnstoðirnar eru eftirfarandi:

- Takmarka smitleiðir og samneyti meðal nemenda og starfsmanna.
- Veikir nemendur og starfsmenn koma ekki í skólann.
- Viðhafa gott hreinlæti og sóttvarnir.

## Um framkvæmd skólastarfs skv. gildandi auglýsingu um takmarkanir:

- Skólastarf er skipulagt þannig að öruggt er að hægt sé að fylgja nándarreglu alls staðar í skólabyggingum.
- Sameiginlegir snertifletir í kennslustofum eru sótthreinsaðir milli nemendahópa.
- Alltaf þegar mögulegt er eru myndaðir fastir hópar/bekkir sem ekki hitta aðra hópa.
- Gangar eru eingöngu ferðarými á milli stofa.
- Skólabókasöfn fara eftir leiðbeiningum um bókasöfn.
- Sérinngangur er í hvert hólfi í skólabyggingu.



### Starfsmaður með einkenni COVID-19

- Starfsmaður mætir ekki til vinnu - hefur samband við heilsugæslu - fer í COVID-19 próf.
- Starfsmaður er í sóttkví meðan beðið er eftir niðurstöðum og upplýsir skólameistara um stöðuna.
- Niðurstaða neikvæð – Starfsmaður mætir ekki til vinnu fyrr en einkenni eru horfin.

### Starfsmaður með COVID-19

- Smitrakningarteymi hefur samband við starfsmann - starfsmaður upplýsir skólameistara.
- Ákvörðun tekin um sóttkví nemenda og starfsmanna í samvinnu við sóttvarnaryfirvöld.
- Starfsmaður er heima í einangrun samkvæmt fyrirmælum yfirvalda.

### Starfsmaður tengist einstaklingi með COVID-19

- Starfsmaður fer í sóttkví mætir ekki til vinnu - upplýsir skólameistara.
- Athugað hvort þarf að grípa til einhverra ráðstafana varðandi nemendur og samstarfsfólk starfsmanns sem hann hefur verið í samskiptum við.
- Starfsmaður fer eftir reglum um sóttkví og fyrirmælum yfirvalda.

### Nemandi með einkenni COVID-19

- Nemandi mætir ekki í skólann, fer heim eða er sóttur ef hann er í skólanum - hefur samband við heilsugæslu - fer í COVID-19 próf.
- Svæði og snertifletir nemandans eru sótthreinsaðir.
- Nemandi er í sóttkví meðan beðið er eftir niðurstöðum og upplýsir skólameistara um stöðuna.
- Niðurstaða neikvæð - nemandi mætir ekki í skólann fyrr en einkenni eru horfin.

### Nemandi með COVID-19

- Smitrakningarteymi hefur samband við nemanda - og skólameistari upplýstur.
- Samráð við sóttvarnaryfirvöld og rakningarteymi um aðgerðir í skólanum.
- Ákvörðun tekin um sóttkví nemenda og starfsmanna í samvinnu við sóttvarnaryfirvöld.
- Nemandi er heima í einangrun samkvæmt fyrirmælum yfirvalda.

### Nemandi tengist einstaklingi með COVID-19

- Nemandi fer í sóttkví mætir ekki í skólann - upplýsir skólameistara.
- Athugað hvort þarf að grípa til einhverra ráðstafana varðandi nemendur og samstarfsfólk sem gætu verið í smithættu
- Nemandi fer eftir reglum um sóttkví og fyrirmælum yfirvalda



## Viðbragðsáætlun Fjölbrautaskóla Vesturlands vegna COVID -19 smits eða gruns um smit.

### Starfsmenn:

**Veikindi.** Ef starfsmaður verður veikur, tilkynnir hann það á skrifstofu skólans og hefur samband við heilsugæsluna ef COVID-19 próf reynist jákvætt þá hefur smitrakningarteymi samband.

**Smitrakningarteymi** hefur samband við þann sem hefur smitast og eftir atvikum við skólameistara. Starfsmaður upplýsir um aðstæður í skólanum og samskipti sín við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði/hólfi. Starfsmaður hefur samband við skólameistara og upplýsir um stöðu mála.

**Tímabil sóttkvíar.** Smitrakningarteymi gefur upp það tímabil sem miða á við og er þá gengið út frá reglunni: Innan 48 klukkustunda og innan 2 metra í meira en 15 mínútur með þeim smitaða. Sóttkví er 14 dagar frá útsetningu fyrir smiti. Miðað er við 24 klukkustundir áður en fyrstu einkenna varð vart. Ef ekki er um einkenni að ræða er miðað við 48 klukkustundir frá sýnatöku.

**Úrvinnslusóttkví.** Ef vafamál um umgengni eða samneyti starfsfólks koma upp er engin áhætta tekin heldur svæði lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví stendur yfirleitt þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður sýnatöku liggja fyrir. Mikilvægt er að starfsfólk haldi sig heima og mæti ekki til vinnu ef það finnur fyrir einkennum.

### Helstu einkenni COVID-19 minna á venjulega flensu; hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta.

Í sumum tilvikum hverfur bragð- og lyktarskyn skyndilega og einnig eru dæmi um einkenni frá meltingarvegi eins og niðurgangur.

Ef þú finnur fyrir þessum einkennum eða einhver í fjölskyldu þinni hvetjum við þig eindregið til að mæta ekki til vinnu heldur hafa samband við vaktsíma **1700**.

### ATH - Einstaklingur fer í sóttkví ef hann:

- Hefur umgengist fólk sem svo greinist með COVID-19.
- Hefur verið á ferðalagi á skilgreindum áhættusvæðum.

### Nánari upplýsingar um sýkingu af völdum COVID-19 er að finna hér:

[https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38919/Lei%C3%B0beiningarframli%C3%ADnustarfrsmenn%2010032020\\_KSJ-IM.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38919/Lei%C3%B0beiningarframli%C3%ADnustarfrsmenn%2010032020_KSJ-IM.pdf)

[www.covid.is](http://www.covid.is)



## Viðbragðsáætlun Fjölbrautaskóla Vesturlands vegna COVID -19 smits eða gruns um smit.

### Nemendur:

**Veikindi.** Ef nemandi verður veikur tilkynnir hann það eða forráðamaður hans á skrifstofu skólans. Nemandinn eða forráðamaður hans og hefur samband við heilsugæsluna ef COVID-19 próf reynist jákvætt þá hefur smitakningarteymi samband.

**Smitakningarteymi** hefur samband við nemandann/forráðamann og eftir atvikum við skólameistara. Nemandinn upplýsir um aðstæður í skólanum og samskipti sín við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði/hólfi. Nemandi/forráðamaður hefur samband við skólameistara og upplýsir um stöðu mála.

**Tímabil sóttkvíar.** Smitakningarteymi gefur upp það tímabil sem miða á við og er þá gengið út frá reglunni: Innan 48 klukkustunda og innan 2 metra í meira en 15 mínútur með þeim smitaða. Sóttkví er 14 dagar frá útsetningu fyrir smiti. Miðað er við 24 klukkustundir áður en fyrstu einkenna varð vart. Ef ekki er um einkenni að ræða er miðað við 48 klukkustundir frá sýnatöku.

**Úrvinnslusóttkví.** Ef vafamál um umgengni eða samneyti nemandans við samnemendur eða starfsfólk skólans koma upp er engin áhætta tekin heldur svæði lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví stendur yfirleitt þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður sýnatöku liggja fyrir. Mikilvægt er að nemandi haldi sig heima og mæti ekki í skólann ef hann finnur fyrir einkennum.

### Helstu einkenni COVID-19 minna á venjulega flensu; hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta.

Í sumum tilvikum hverfur bragð- og lyktarskyn skyndilega og einnig eru dæmi um einkenni frá meltingarvegi eins og niðurgangur.

Ef þú finnur fyrir þessum einkennum eða einhver í fjölskyldu þinni hvetjum við þig eindregið til að mæta ekki til vinnu heldur hafa samband við vaktsíma **1700**.

### ATH - Einstaklingur fer í sóttkví ef hann:

- Hefur umgengist fólk sem svo greinist með COVID-19.
- Hefur verið á ferðalagi á skilgreindum áhættusvæðum.

### Nánari upplýsingar um sýkingu af völdum COVID-19 er að finna hér:

[https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38919/Lei%C3%B0beiningarframl%C3%ADnustar fsmenn%2010032020\\_KSJ-IM.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38919/Lei%C3%B0beiningarframl%C3%ADnustar fsmenn%2010032020_KSJ-IM.pdf)

[www.covid.is](http://www.covid.is)



## Viðbragðsáætlun Fjölbrotaskóla Vesturlands vegna COVID -19 smits eða gruns um smit.

### Heimavist:

**Veikindi.** Ef íbúi á heimavist verður veikur, tilkynnir hann það á skrifstofu skólans og hefur samband við heilsugæsluna. Ef COVID-19 próf reynist jákvætt þá hefur smitrakningarteymi samband.

**Smitrakningarteymi** hefur samband við þann sem hefur smitast og eftir atvikum við skólameistara. Íbúi upplýsir um aðstæður á heimavist, í skólanum og samskipti sín við aðra á heimavist og tilgreindu sóttvarnarsvæði/-hólfi. Heimavistabúi eða forráðamaður hans hefur samband við skólameistara og upplýsir um stöðu mála.

**Tímabil sóttkvíar.** Smitrakningarteymi gefur upp það tímabil sem miða á við og er þá gengið út frá reglunni: Innan 48 klukkustunda og innan 2 metra í meira en 15 mínútur með þeim smitaða. Sóttkví er 14 dagar frá útsetningu fyrir smiti. Miðað er við 24 klukkustundir áður en fyrstu einkenna varð vart. Ef ekki er um einkenni að ræða er miðað við 48 klukkustundir frá sýnatöku.

**Úrvinnslusóttkví.** Ef vafamál um umgengni eða samneyti heimavistabúa koma upp, er engin áhætta tekin heldur heimavist/svæði lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví stendur yfirleitt þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður sýnatöku liggja fyrir. Mikilvægt er að heimavistabúar haldi sig heima og mæti ekki í skólann ef það finnur fyrir einkennum.

### Helstu einkennum COVID-19 minna á venjulega flensu; hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta.

Í sumum tilvikum hverfur bragð- og lyktarskyn skyndilega og einnig eru dæmi um einkenni frá meltingarvegi eins og niðurgangur.

Ef þú finnur fyrir þessum einkennum eða einhver í fjölskyldu þinni hvetjum við þig eindregið til að mæta ekki til vinnu heldur hafa samband við vaktsíma **1700**.

### ATH - Einstaklingur fer í sóttkví ef hann:

- Hefur umgengist fólk sem svo greinist með COVID-19.
- Hefur verið á ferðalagi á skilgreindum áhættusvæðum.

### Nánari upplýsingar um sýkingu af völdum COVID-19 er að finna hér:

[https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38919/Lei%C3%B0beiningarframli%C3%ADnustar fsmenn%2010032020\\_KSJ-IM.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38919/Lei%C3%B0beiningarframli%C3%ADnustar fsmenn%2010032020_KSJ-IM.pdf)

[www.covid.is](http://www.covid.is)